

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús, nr. 97/2012, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr., í rétttri númeraröð:

- 1.28 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/579 frá 8. apríl 2022 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.28.
- 1.29 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/881 frá 3. júní 2022 um framkvæmd á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.29.
- 1.30 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/882 frá 3. júní 2022 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.30.
- 1.31 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/1243 frá 18. júlí 2022 um framkvæmd á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.31.
- 2.35 Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/577 frá 8. apríl 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.35.
- 2.36 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/876 frá 3. júní 2022 um framkvæmd 8. gr. a(1) reglugerðar (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.36.
- 2.37 Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/877 frá 3. júní 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.37.
- 2.38 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/1231 frá 18. júlí 2022 um framkvæmd á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.38.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 14. september 2022.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal 1.28.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/579****frá 8. apríl 2022****um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu.
- 2) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerðir í Úkraínu og rússneskur herafla hóf árásir á Úkraínu, þ.m.t. frá yfirráðasvæði Belarús. Sú árás er blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 3) Hinn 2. mars 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/356⁽²⁾ þar sem titli ákvörðunar 2012/642/SSUÖ var breytt og innleiddar voru frekari þvingunaraðgerðir til að bregðast við þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu.
- 4) Í ályktunum sínum frá 24. mars 2022 lýsti leiðtoga ráðið því yfir að Sambandið sé áfram reiðubúið til að bregðast skjótt við með frekari samræmdum, öflugum refsiaðgerðum gagnvart Rússlandi og Belarús til að koma með árangursríkum hætti í veg fyrir getu Rússa til að halda árásunum áfram.
- 5) Með tilliti til þess hve ástandið er alvarlegt þykir rétt að banna sölu til Belarús á framseljanlegum verðbréfum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er og banna sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning til Belarús á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er.
- 6) Einnig þykir rétt að leggja bann við því að flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Belarús flytji vörur á vegum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.
- 7) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda þessari aðgerð í framkvæmd.
- 8) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 2. gr. w kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að selja framseljanleg verðbréf í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, sem gefin eru út eftir 12. apríl 2022, eða hlutdeildarskríteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem hafa í för með sér áhættu slíkum verðbréfum, til ríkisborgara Belarús eða einstaklings sem búsettur er í Belarús eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Belarús.“

- 2) Í stað 2. gr. x kemur eftirfarandi:

„2. gr. x

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til Belarús eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús, þ.m.t. stjórnvalda og Seðlabanka Belarús, eða til notkunar þar í landi.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, að því tilskildu að slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur sé nauðsynlegur:

- a) til persónulegra nota einstaklinga sem ferðast til Belarús eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim eða
- b) í opinberum tilgangi sendiskrifstofa, ræðisstofnana eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.“

- 3) Eftirfarandi grein er bætt við:

„2. gr. z

1. Lagt er bann við því að flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Belarús flytji vörur á vegum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.
2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um flutningafyrirtæki á vegum sem flytja póst innan ramma alþjónustu.
3. Bannið í 1. mgr. skal ekki taka gildi fyrr en 16. apríl 2022 um flutning á vörum sem hófst fyrir 9. apríl 2022, að því tilskildu að ökutæki flutningafyrirtækisins á vegum:
 - a) hafi þegar verið á yfirráðasvæði Sambandsins hinn 9. apríl 2022 eða
 - b) þurfi að fara gegnum Sambandið til þess að snúa aftur til Belarús.
4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimila vöruflutninga af hálfu flutningafyrirtækis á vegum með staðfestu í Belarús ef þau hafa ákvarðað að slíkir flutningar séu nauðsynlegir:
 - a) vegna kaupa, innflutnings eða flutnings til Sambandsins á jarðgasi og olíu, þ.m.t. hreinsuðum olíuvörum, auk titans, áls, kopars, nikkels, palladiums og járngrýtis,
 - b) vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði sem heimilt er að flytja inn, kaupa og flytja samkvæmt þessari ákvörðun,
 - c) í mannúðarskyni eða
 - d) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna í Belarús, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.
5. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 8. apríl 2022.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J.-Y. LE DRIAN

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtíð. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/356 frá 2. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (Stjtíð. ESB L 67, 2.3.2022, bls. 103).

Fylgiskjal 1.29.**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/881**

frá 3. júní 2022

um framkvæmd á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu

I. viðauka við ákvörðun 2012/642/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2022/881/oj].

Fylgiskjal 1.30.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/882**

frá 3. júní 2022

um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.
- 2) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerð í Úkraínu og rússneskur herafla hóf árás á Úkraínu, þ.m.t. frá yfirráðasvæði Belarús. Sú árás er blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 3) Hinn 2. mars 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/356⁽²⁾ þar sem titli ákvörðunar 2012/642/SSUÖ var breytt og innleiddar voru frekari þvingunaraðgerðir til að bregðast við þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu.
- 4) Í ályktunum sínum frá 24. mars 2022 lýsti leiðtoga ráðið því yfir að Sambandið sé áfram reiðubúið til að bregðast skjótt við með frekari samræmdum, öflugum refsiaðgerðum gagnvart Rússlandi og Belarús til að koma með árangursríkum hætti í veg fyrir getu Rússa til að halda stríðsárásunum áfram.
- 5) Í ljósi þess hversu alvarleg staðan er þykir rétt að víkka út skrána yfir hvítússneskar lánastofnanir og hvítússnesk dótturfélög þeirra sem þvingunaraðgerðir taka til að því er varðar veitingu sérhæfðrar sendingarþjónustu á sviði fjármála. Einnig þykir rétt að víkka út skrána yfir rekstrareiningar sem sæta takmörkunum að því er varðar heimild fyrir sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi vara og tækni með tvíþætt notagildi og vara og tækni sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða að þróun á sviði varnar- og öryggismála þess.
- 6) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. gr. y kemur eftirfarandi:

„2. gr. y

1. Lagt er bann við því að veita lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í V. viðauka, eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Belarús sem er, með beinum eða óbeinum hætti, meira en 50% í eigu rekstrareiningar sem er á skrá í V. viðauka, sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála sem notuð er til að skiptast á fjármálagögnum.

2. Að því er varðar hvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í V. viðauka gildir bannið, sem er sett fram í 1. mgr., frá og með þeim degi sem um getur í þeim viðauka. Bannið gildir frá og með þeim sama degi um lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Belarús, sem rekstrareining, sem er skráð í V. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti.“

- 2) Ákvæðum II. og V. viðauka við ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við ákvörðun þessa.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 3. júní 2022.

*Fyrir hönd ráðsins,**forseti.*

C. COLONNA.

(¹) Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús (Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1). Nú með titilinn ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu.

(²) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/356 frá 2. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (Stjtið. ESB L 67, 2.3.2022, bls. 103).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/882/oj>].

Fylgiskjal 1.31.**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/1243****frá 18. júlí 2022****um framkvæmd á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu**

I. viðauka við ákvörðun 2012/642/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2022/1243/oj].

Fylgiskjal 2.35.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/577****frá 8. apríl 2022****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu(¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 18. maí 2006 samþykkti ráðið reglugerð (EB) nr. 765/2006(²).
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 765/2006 koma til framkvæmda þær aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- 3) Með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/579(³) voru settar fram frekari þvingunaraðgerðir sem banna sölu til Belarús á framseljanlegum verðbréfum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er og banna sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning til Belarús á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er.
- 4) Með þeirri ákvörðun voru einnig settar fram frekari þvingunaraðgerðir sem leggja bann við því að flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Belarús flytji vörur á vegum innan yfirráðasvæðis Evrópusambandsins.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 765/2006 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður bætist við 1. gr.:

„25. „flutningafyrirtæki á vegum“: einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða aðili sem stundar vöruflutninga með vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum í viðskiptalegum tilgangi,“.

2) Í stað 1. mgr. 1. gr. y kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að selja framseljanleg verðbréf í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, sem gefin eru út eftir 12. apríl 2022, eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem hafa í för með sér áhættu gagnvart slíkum verðbréfum, til ríkisborgara Belarús eða einstaklings sem búsettur er í Belarús eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Belarús.“

3) Í stað 1. gr. za kemur eftirfarandi:

„1. gr. za

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til Belarús eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús, þ.m.t. stjórnvalda og Seðlabanka Belarús, eða til notkunar þar í landi.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, að því tilskildu að slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur sé nauðsynlegur:

- a) til persónulegra nota einstaklinga sem ferðast til Belarús eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim eða
- b) í opinberum tilgangi sendiskrifstofa, ræðisstofnana eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.“

4) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. zc

1. Lagt er bann við því að flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Belarús flytji vörur á vegum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um flutningafyrirtæki á vegum sem flytja póst innan ramma alþjónustu.

3. Bannið í 1. mgr. skal ekki taka gildi fyrr en 16. apríl 2022 um flutning á vörum sem hófst fyrir 9. apríl 2022, að því tilskildu að ökutæki flutningafyrirtækisins á vegum:

- a) hafi þegar verið á yfirráðasvæði Sambandsins þann 9. apríl 2022 eða
- b) þurfi að fara gegnum Sambandið til þess að snúa aftur til Belarús.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimila vöruflutninga af hálfu flutningafyrirtækis á vegum með staðfestu í Belarús ef þau hafa ákvarðað að slíkir flutningar séu nauðsynlegir:

- a) vegna kaupa, innflutnings eða flutnings til Sambandsins á jarðgasi og olíu, þ.m.t. hreinsuðum olíuvörum, auk titans, áls, kopars, nikkels, palladíums og járngrýtis,
- b) vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði sem heimilt er að flytja inn, kaupa og flytja samkvæmt þessari reglugerð,
- c) í mannúðarskyni eða
- d) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna í Belarús, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2022.

*Fyrir hönd ráðsins,
forseti.*

J.-Y. LE DRIAN

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/579 frá 8. apríl 2022 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 111, 8.4.2022 81).

Fylgiskjal 2.36.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/876

frá 3. júní 2022

um framkvæmd 8. gr. a(1) reglugerðar (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu

I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/876/oj].

Fylgiskjal 2.37.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/877

frá 3. júní 2022

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 18. maí 2006 samþykkti ráðið reglugerð (EB) nr. 765/2006⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 765/2006 koma til framkvæmda þær aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- 3) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/882⁽³⁾ vikkar út gildissvið refsiaðgerðanna til að koma enn frekar til framkvæmda ályktunum leiðtoga ráðsins frá 24. mars 2022 eftir þátttöku Belarús í óviðunandi og ólög-mætum hernaðarárásum Rússa gegn Úkraínu, sem telst vera árás samkvæmt alþjóðalögum.
- 4) Með tilliti til þess hve ástandið er alvarlegt er nauðsynlegt að grípa til viðbótaraðgerða. Af þessum sökum hefur skráin yfir rekstrareiningar, sem sæta takmörkunum að því er varðar heimild fyrir sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi vara og tækni með tvíþætt notagildi og vara og tækni sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða að þróun á sviði varnar- og öryggismála þess, verið vikkuð út með ákvörðun (SSUÖ) 2022/882. Með ákvörðun (SSUÖ) 2022/882 er skráin yfir hvítrússneskar lánastofnanir og hvítrússnesk dótturfélög þeirra, sem þvingunaraðgerðir taka til að því er varðar veitingu sérhæfðrar sendingarþjónustu á sviði fjármála, einnig vikkuð út.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 765/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. zb kemur eftirfarandi:

„1. gr. zb

1. Lagt er bann við því að veita lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í XV. viðauka, eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Belarús sem er, með beinum eða óbeinum hætti, meira en 50% í eigu rekstrareiningar sem er á skrá í XV. viðauka, sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála sem notuð er til að skiptast á fjármálagögnum.

2. Að því er varðar hvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í XV. viðauka gildir bannið, sem er sett fram í 1. mgr., frá og með þeim degi sem um getur í þeim viðauka. Bannið gildir frá þeim sama degi um lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Belarús, sem rekstrareining, sem er skráð í XV. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti.“

2) Eftirfarandi kemur í stað 1. mgr. 9. gr.:

„1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög, þ.m.t. refsiviðurlög eins og við á, við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlöggin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að gera ágóða af slíkum brotum upptækan.“

3) Í stað V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 kemur textinn sem settur er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

4) Í stað XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 kemur textinn sem settur er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júní 2022.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

C. COLONNA.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/882 frá 3. júní 2022 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 153, 3.6.2022).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/877/oj>].

Fylgiskjal 2.38.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/1231

frá 18. júlí 2022

um framkvæmd á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu

I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1231/oj].

B-deild – Útgáfudagur: 29. september 2022